LANGISANDUR

Hugmyndasamkeppni um hönnun og skipulag Langasandssvæðisins á Akranesi

Keppnislýsing

Dagsetning 23. mars 2021

Efnisyfirlit

1 Inngangur ... 3
2 Leiðarljós ... 4
3 Markmið ... 5
4 Samkeppnissvæði ... 6
5 Núverandi aðstæður ... 7
6 Samráð um hugmyndasamkeppnina ... 10
6.1 Viðhorfskönnun íbúa ... 10
6.2 Viðhorfskönnun barna ... 10
7 Örnefni ... 11
8 Fornleifaskráning ... 12
9 Aðalskipulag ... 13
10 Deiliskipulag ... 14
10.1 Jaðarsbakkar ... 14
10.2 Sólmundarhöfði ... 14
11 Veðurfar ... 15
12 Umhverfi og náttúra ... 16
13 Tilhögun samkeppni ... 17
13.1 Almennar upplýsingar ... 17
13.2 Lykil dagsetningar ... 17
13.3 Keppnisgögn ... 17
13.4 Dómnefnd og ritari dómnefndar ... 18
13.5 Trúnaðarmaður ... 19
13.6 Keppnistillögur ... 19
13.7 Fyrirspurnir ... 19
13.8 Skilafrestur, merking og afhending gagna ... 20
13.9 Sýning, rýnifundur, úrslit og varðveisla keppnistillagna ... 20
14 Samþykki keppnislýsingar ... 21

1 Inngangur

Akraneskaupstaður ákvað árið 2020 að efna til hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Langasandssvæðisins á Akranesi í samstarfi við FÍLA, Félag íslenskra landslagsarkitekta. Markmiðið með samkeppninni er að fá hugmyndir um framtíðarskipulag svæðisins í heild sem tengir m.a. strandsvæði, skólasvæði, framtíðar uppbyggingarreit og hafnarsvæðið. Hér að neðan eru almennar upplýsingar sem ættu að nýtast þeim er ekki þekkja glöggt til.

Akraneskaupstaður er stærsti þéttbýlisstaður Vesturlands, með 7.600 íbúa. Bærinn byggðist upp sem útgerðar- og iðnaðarbær en undanfarin ár hafa orðið miklar breytingar á atvinnuháttum með niðurrifi Sementsverksmiðju og minnkandi útgerð og vinnslu. Stór svæði eru nú í þróun í neðri hluta bæjarins. Búið er að deiliskipuleggja Sementsreit af ASK arkitektum og Breið fyrir ofan vitasvæðið fær nýtt hlutverk á komandi árum.

Á Akranesi er öll helsta grunnþjónusta og stofnanir; svo sem sjúkrahús, leik-, grunn- og framhaldsskólar. Auk þess er bærinn þekktur fyrir öflugt íþróttalíf. Íbúafjölgun hefur verið talsverð á undanförnum árum líkt og í mörgum sveitarfélögum í jaðri höfuðborgarsvæðisins og fjöldi íbúa sækir vinnu á höfuðborgarsvæðið og Grundartanga. Mikil áhersla er lögð á að bærinn sé góður valkostur fyrir fjölskyldufólk og er þátttaka í átakinu „Heilsueflandi samfélag" hluti af því. Nánari upplýsingar um íbúafjölgun og mannfjöldaspár má kynna sér í húsnæðisáætlun sveitarfélagsins.

Akranes er umlukið sjó á þrjá vegu og strandlengjan einstaklega rík af náttúrulegum fjörugerðum. Þar má t.d. finna sandfjörur, grýttar fjörur, þangfjörur, setfjörur, leirur og fjörupolla með fjölbreyttu lífríki. Góð útivistarsvæði og snerting við náttúruna, eru lykilatriði þegar kemur að heilsu og vellíðan. Þá er ástand sjávar, líffræðilegur fjölbreytileiki, heilbrigði strandsvæða og möguleikar almennings til aðgengis, áhersluþættir Norrænu ráðherranefndarinnar.

Vel heppnuð hönnun og uppbygging Guðlaugar og Bláfánaviðurkenning fyrir Langasand hefur hvatt til aukinna tækifæra fyrir svæðið og er hugmyndasamkeppnin mikilvægur hluti þeirrar vinnu. Bæjarstjórn leggur metnað í að vanda allan undirbúning samkeppninnar í góðu samstarfi við Félag Íslenskra landslagsarkitekta, FÍLA. Framkvæmd var rafræn könnun um viðhorf íbúa til fjölbreyttra þátta sem tengjast svæðinu og er áhugavert að skoða niðurstöðurnar.

2 Leiðarljós

Leiðarljós samkeppninnar er að skapa heildræna sýn á notkun og upplifun á Langasandi og skal við hönnun og skipulag svæðisins hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Hönnun og skipulag skal taka tillit til framþróunar í vistvænni byggingartækni og mannvirkjagerð ásamt því að tryggja lágmarks viðhalds- og rekstrarkostnað.
- Hönnun og skipulag svæðisins komi til móts við þá sem nota svæðið og ýti undir afþreyingu, útivist og hreyfingu almennings á sem fjölbreyttastan hátt allan ársins hring og styrki aukna menningarstarfsemi.
- Hönnun og skipulag skal stuðla að sjálfbærni svæðisins, s.s. sjálfbærri nýtingu auðlinda og kolefnisbindingu. Ásamt því skal hönnun og skipulag taka mið af vistvænum lausnum með það að markmiði að bæta gæði ofanvatns með blágrænum lausnum og stuðla að grænna umhverfi.
- Tryggja skal náttúrulegan fjölbreytileika landslags, lífríkis og menningarminja með markvissri verndun og viðhaldi.
- Tryggja öryggi á svæðinu og aðgengi fyrir alla.
- Áherslur og þarfir íbúa Akraness séu höfð til hliðsjónar í hönnun og skipulagi svæðisins, þar sem staðarandi nýtur sín óskertur og tryggt að ánægja og áhugi fólks á notkun svæðisins glatist ekki.
- Svæðið skal vera álitlegur áningastaður og stuðla að markmiðum Heilsueflandi samfélags og Bláfánavottunnar.
- Að svæðið fái fallegt heildaryfirbragð og geti þróast og öðlast heildstætt hlutverk til framtíðar sem stuðlar að fjölbreyttri notkun þess og skapi sér fastan sess í daglegri útivist sem flestra íbúa á Akranesi.

3 Markmið

Markmið hugmyndasamkeppninnar er að skapa svæði sem mótast af vellíðan, heilsu og upplifun fyrir alla notendur með eftirfarandi atriði í huga:

- Hönnun og skipulag sé í samræmi við meginstefnu Aðalskipulag Akraness 2006-2017 ásamt drögum að endurskoðun Aðalskipulags Akraness 2020-2032.
- Hugmyndir innihaldi tillögur um uppbyggingu Guðlaugar til framtíðar s.s. búnings- og sturtuaðstöðu, veitingasölu eða önnur tengd rekstrartækifæri sem eiga samleið með Guðlaugu og styrkja svæðið í heild.
- Hönnun og skipulag tengist uppbyggingu og skipulagi íþróttamannvirkja á Jaðarsbökkum.
- Hugmyndir innihaldi tillögur um framtíð útisvæða Knattspyrnufélags Akraness t.d. tilfærsla á keppnisvelli og mannvirkjum.
- Hugmyndir styðji við varðveislu minja og náttúru svæðisins.
- Hönnun og skipulag tengist uppbyggingu og skipulagi á Langasandsreit (Sementsreit).
- Hugmyndir styðji við atvinnusköpun á svæðinu í anda heilsu og vellíðunar.
- Hönnun og skipulag svæðisins tryggi aðgengi allra að svæðinu sem og einnig innan svæðisins ásamt góðu og öruggu aðgengi að fjörum svæðsins, þ.e. Langasandi og Leynisfjöru.
- Hugmynd að hönnun strandstígar meðfram svæðinu, stígur sem hefur möguleika til góðra tenginga við núverandi stígakerfi og nærliggjandi svæði og verður fyrirmynd fyrir strandlengju Akraness. Hönnun stígs horfi til samspils gangandi og hjólandi umferðar.
- Hönnun og skipulag geri svæðið líflegt, skapi skjólsæl svæði, stuðli að heilsueflingu, sé áhugavert og fræðandi og eftirsóknarvert fyrir fjölskyldur og aðra hópa.
- Raunhæf framtíðarsýn við hönnun og skipulag þar sem virðing er fyrir því sem vel hefur verið gert á svæðinu, viðhalda sjónrænum tengslum við hafið og hugmyndir nýtist óháð árstíðum.
- Mikilvægt er að tillögur að uppbyggingu falli vel að umhverfinu, styrki staðaranda svæðisins og tengist heilsu og vellíðan.
- Mikilvægt er að gæta að þolmörkum svæðisins séu hugmyndir um uppbyggingu á svæðinu ásamt því að meta hvernig eða hvort núverandi mannvirki og/eða svæði geti nýst betur eða öðruvísi fyrir svæðið í heild.
- Sérstaða svæðisins sé nýtt til fulls.

4 Samkeppnissvæði

Svæðið sem um ræðir nær frá Innnesvegi til norðausturs, Langasandi og Leyni til suðvesturs, norðvestur afmarkast svæðið við gatnamót Jaðarsbrautar og Faxabrautar, suðaustur af bæjarmörkum Akraneskaupstaðar.

Svæðið er um 35 hektarar að stærð og er stór hluti svæðisins innan hverfisverndar í gildandi aðalskipulagi. Það nær yfir útivistarsvæði frá Leynisfjöru, Sólmundarhöfða, meðfram Langasandi að Faxabraut. Eftir svæðinu liggur strandstígur, íþróttasvæðið að Jaðarsbökkum, íbúðabyggð á Sólmundarhöfða, hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfði sem og fjölbýlishúsalóðir við Garðabraut, Höfðabraut og Jaðarsbraut.

Langasandssvæðið er ljósgrænt að lit, lóðir innan þess sýndar með rauðri línu

5 Núverandi aðstæður

Langisandur er um eins kílómetra löng strönd sem er hluti af strandlengju Akraness við Faxaflóa, Langisandur nær út að Sólmundahöfða í austri. Hinumegin við höfðann er lítil vík sem heitir Leynir og fjaran Leynisfjara.

Engar ár eða lækir renna á Langasand og því ekkert ferskvatn á svæðinu. Affall af íþróttasvæðinu er leitt út á sandinn og er það eina vatnið sem kemur af landi en það hefur áður sigið í gegnum gras og ofan í jarðveginn. Núverandi affallslagnir frá íþróttasvæðinu duga ekki lengur til að veita öllu vatni af svæðinu. Er það því ansi blautt og stundum ónothæft vegna mikillar bleytu. Umhverfi Langasands hefur tekið miklum breytingum í gegnum tíðina og er nú grjótvarnargarður meðfram endilöngum sandinum. Ofan við grjótgarðinn er mikið notaður malbikaður stígur sem þarfnast viðhalds og við hann eru bekkir og hlaðnir setbollar.

Hér má sjá yfirlitsmynd sem sýnir sérstök svæði sem fjallað er um nánar hér að neðan.

Þyrlupallur (A)

Við jaðar hugmyndasvæðisins, vestan megin við aðalvöll knattspyrnufélagsins, er illa nýtt svæði sem var áður notað sem þyrlupallur, en hefur sl. ár nýst til að halda þar ýmsa viðburði á vegum Akraneskaupstaðar s.s. þrettándabrennu og brekkusöng Írskra daga.

Guðlaug (B)
Guðlaug var tekin í notkun 8. desember 2018. Glæsilegt mannvirki á þremur hæðum, miðsvæðis í bakkanum ofan við sandinn bak við áhorfenda í íþróttastúkuna. Guðlaug var hönnuð af Basalt arkitektum og Mannvit verkfræðistofu. Laugin hefur notið gríðarlegra vinsælda og er gott dæmi um hversu mikil áhrif góð hönnun hefur á aðsókn. Guðlaug hefur hlotið fjölda viðurkenninga og nú síðast verið tilnefnd til Mies van der Rohe-verðlauna Evrópusambandsins 2022. Við laugina hefur verið sett upp bráðabirgða búningsaðstaða undir áhorfendastúku á Aggapalli ásamt húsi með salerni og starfsmannaaðstöðu. Aggapallur var byggður sem sólpallur við bakhlið áhorfendastúkunnar á Akranesvelli ásamt litlu húsi og annarri aðstöðu árið 2011.

Íþróttasvæðið (C)
Á Langasandssvæðinu er útisvæði Knattspyrnufélags Akraness. Á svæðinu má finna aðalvöll félagsins með áhorfendastúku, knattspyrnuhöll (Akraneshöll) og útiæfingarsvæði sunnanmegin við höllina sem er mest notað þegar Norðurálsmótið í fótbolta er haldið einu sinni ári.

Vitinn við Langasand (Krossvíkurviti) (D)
Vitinn var reistur sem innsiglingarviti fyrir Akraneshöfn. Hann er steinsteyptur með viðbyggðu anddyri ásamt vitahúsi. Vitinn var upphaflega lýstur með gasi en var síðan rafvæddur árið 1957. Árið 1986 var vitinn lagður af sem hafnarviti en breytt í leiðarljós sem markar aðra af tveimur innsiglingum að Akraneshöfn. Hæð vitans er 6,5 metrar og er ljóshæð yfir sjávarmáli 8 metrar og sjónlengd 10 sjómílur.

Sólmundarhöfði (íbúabyggð og hjúkrunarheimili) (E)
Við enda Langasands gengur Sólmundarhöfði út á sjó með vaxinn grasi og fjölbreyttri flóru, umkringdur stórgrýttri bóluþangsfjöru. Höfðinn er hluti af vinsælli útivistarleið meðfram strandlínunni. Innan skipulagssvæðis Sólmundahöfða er átta hæða blokk (Sólmundarhöfði 7), Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili (Sólmundarhöfði 5) og raðhúsahverfi að Höfðagrund. Gamla íbúðarhúsið á Sólmundarhöfða 2, Árnahús er timburhús á steyptum grunni, byggt árið 1901 og stækkað árið 1952 en hlaðan á reitnum var byggð árið 1951. Á höfðanum er falleg gömul grjóthleðsla og þegar vel er að gáð má finna fleiri grónar minjar á svæðinu.

Leynir - Leynisfjara (F)
Sunnanmegin við Sólmundarhöfða er Leynir og Leynisfjara en við enda hennar eru bæjarmörk Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar. Í fjörunni er mikið fugla- og dýralíf, en hún er óaðgengileg vegna grjótvarnargarðs. Meðfram garðinum liggur malarstígur sem tengist stígakerfi bæjarins.

Bláfáninn
Þann 20. júní 2013 fékk Langisandur í fyrsta skipti umhverfisvottun Bláfánans og er stefna Akraneskaupstaðar að viðhalda vottuninni sem endurnýja þarf árlega. Bláfánavottun er alþjóðlegt umhverfismerki sem hefur þann tilgang að stuðla að verndun umhverfis hafna og baðstranda. Langisandur er ásamt Bláa lóninu einu baðstrendurnar á Íslandi með vottunina. Fáninn er tákn um að umhverfismál, öryggismál og

umhverfisfræðslumál eru í hávegum höfð og endurnýja þarf umsóknina árlega. Nánari upplýsingar má lesa hér á síðu Tún vottunarstofu.

6 Samráð um hugmyndasamkeppnina

6.1 Viðhorfskönnun íbúa

Í desember 2020 var opnað fyrir rafræna könnun um viðhorf íbúa Akraness til Langasandssvæðisins og framtíðarskipulags þess og verður hún veganesti inn í vinnu teymanna.. Hægt var að taka þátt í könnuninni til loka janúarmánaðar 2021. Vegna Covid heimsfaraldurs var ekki hægt að vera með hefðbundna íbúafundi og var þessi leið því farin til að gefa fólki kost á að láta skoðanir sínar í ljósi um uppbyggingu svæðisins og væntingar til þess sem útivistarperlu.

Könnunin samanstóð af sextíu spurningum sem flestar voru krossaspurningar. Alls bárust 348 svör. Niðurstöður könnunarinnar eru hluti af keppnisgögnum og eru þær aðgengilegar annars vegar í myndrænu formi rafrænt og hins vegar í skriflegu formi þar sem nokkrar spurningar kröfðust skriflegra svara.

6.2 Viðhorfskönnun barna

Stór hópur notenda á Langasandssvæðinu eru börn á öllum aldri. Leitað var til grunn- og leikskólabarna þar sem sérstaklega var óskað eftir áliti barna um svæðið með því að svara þremur einföldum spurningum:

1. Hvað er á Langasandssvæðinu sem við viljum hafa áfram - hvað þykir þér skemmtilegast við svæðið?
2. Er eitthvað á Langasandssvæðinu sem þarf ekki að vera þar?
3. Hvað er ekki á Langsandssvæðinu en væri gaman að hafa þar?

Svör bárust frá 5 bekkjum innan Brekkubæjarskóla og 2 deildum innan tveggja leikskóla. Svörin eru hluti af keppnisgögnum.

7 Örnefni

Á myndinni má sjá örnefnaskráningu frá Landmælingum Íslands en á heimasíðu þeirra er að finna ítarlegri upplýsingar (www.lmi.is).

8 Fornleifaskráning

Engin fornleifaúttekt hefur átt sér stað en vitað er um fornleifar á svæðinu sbr. ritgerð Jónasar Ingólfs Lövdal (kafli 4.2). Ritgerðin er hluti af keppnisgögnum.

9 Aðalskipulag

Langisandur er skilgreindur í aðalskipulagi 2005-2017 sem opið svæði til sérstakra nota undir íþróttaiðkun og sem aðal íþróttasvæði bæjarins. Á svæðinu eru fótboltavellir, íþróttahús og sundlaug og er gert ráð fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja m.a fjölnota íþróttahúss og nýrrar sundlaugar. Í greinargerð kemur fram að Sólmundarhöfði er skilgreindur sem „Svæði fyrir þjónustustofnanir og íbúðarsvæði“, blönduð byggð. Höfðinn er merktur með R sem er viðurkenning um fornminjar.

Langisandur og Sólmundarhöfði falla undir hverfisvernd strandarinnar inn í aðalskipulagi Akraness 2005-2017 Hv4. Þar segir að svæði sé um 18 ha að stærð. Segir í aðalskipulagi undir grein 3.2.5:

> *Svæðið nýtur hverfisverndar vegna landslags, náttúrufars og auðugs fuglalífs auk þess sem svæðin hafa mikið útivistargildi. Einnig segir að mannvirkja gerð verði haldið í lámarki á svæðinu en leyfilegt að setja upp minniháttar byggingu með aðstöðu (snyrtingar, sturtur, búningsklefar) vegna baðstrandar á langasandi (Hv4). Öll mannvirki skulu taka mið af umhverfi og hlutverki svæðanna og þess gætt sérstaklega að viðhalda og varðveita verðmæt einkenni þeirra, bæði með tilliti til náttúrufars og útivistar. Annað jarðrask og efnistaka er óheimil. Öll mannvirki, s.s. göngustíga, sjóvarnargarða, lagnir og önnur veitumannvirki skal fella sem best að náttúru og umhverfi.*

Á skipulagssvæði Sólmundarhöfða er gert ráð fyrir fyrir áframhaldandi uppbyggingu húsnæðis fyrir aldraða, útivistarsvæði og íbúðarbyggð.



Aðalskipulag Akraness 2020-2032 er í endurskoðun um þessar mundir og niðurstöður úr þessari samkeppni um Langasandssvæðið munu hafa áhrif á gerð skipulagsins.

10 Deiliskipulag

Samkeppnisvæðið nær inn á tvö deiliskipulagssvæði, Jaðarsbakka (2005 gildandi skipulag) og Sólmundarhöfða (1990 gildandi skipulag).

10.1 Jaðarsbakkar

Gildandi deiliskipulag fyrir Jaðarsbakka var unnið af ARKÍS og afmarkast skipulagssvæðið af Innnesvegi til norðausturs og Langasandi til suðvesturs. Til norðvesturs afmarkast svæðið við gatnamót Jaðarsbrautar og Faxabrautar og til suðausturs að lóð dvalarheimilisins Höfða og nefnist þetta svæði Jaðarsbakkar. Stærð skipulagssvæðis 17.3 ha, að meðtöldum Langasandi sem er um 2.2 ha að flatarmáli.

Markmið deiliskipulags Jaðarsbakka er:

- Að gera Jaðarsbakka að eftirsóttu íþrótta- og útivistarsvæði.
- Að bæta aðstöðu keppnisíþrótta og íþrótta- og útivistarstöðu almennings.
- Að bæta aðgengi að Langasandi fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur.
- Að bæta útivistarstöðu almennings við Langasand.



10.2 Sólmundarhöfði

Gildandi deiliskipulag fyrir Sólmundarhöfða er frá 1990 og var gert af VT Teiknistofu fyrir Akraneskaupstað. Svæðið afmarkast af Innnesvegi til norðausturs og Langasandi og Leyni til suðvesturs. Til norðvesturs afmarkast svæðið af íþrótta- og útivistarsvæði á Jaðarsbökkum og til suðausturs af bæjarmörkum Akraneskaupstaðar.

Markmið deiliskipulags Sólmundarhöfða var:

- Byggingar á svæðinu ætlaðar Dvalarheimilinu Höfða og íbúðir eldri borgara.
- Útivistarsvæði tengjast Langasandi og annari íbúabyggð með göngustígum.
- Minjar að sunnanverðu við Dvalarheimilið Höfða eru hlaðnir veggir. Gert er ráð fyrir að þeir standi að svo miklu leyti sem mögulegt er.
- Lagt er til að halda svæði grónu með grasi og trjágróðri



11 Veðurfar

Veðurmælingar á svæðinu sýna að ríkjandi vindáttir út frá vindrós sem staðsett er á sjónum sunnan við Akranesbæ má sjá að suðaustanátt (150°) er ríkjandi vindátt og austan (90°) og norðaustan (60°) átt fylgja þar á eftir.



Nánari upplýsingar um veðurfar má kynna sér í ritgerð Jónasar Ingólfs Lövdal sem er hluti af keppnisgögnum.

12 Umhverfi og náttúra

Samkeppnissvæðið er flatt og að mestu raskað og manngert fyrir utan náttúru Sólmundarhöfða. Flatir æfingasvæðis voru áður þýft blautt land, (mýri, með skurðum og fjölbreyttri flóru). Við gerð flatanna var landið ræst fram, sem tókst ekki sem skyldi og er svæðið enn mjög blautt sem takmarkar notkun. Þá flæðir vatn af svæðinu yfir stíga við sandinn að sumri og vetri. Breytingar á Langasandi má sjá á tímalínu í verkefni Sindra Birgissonar „Ströndin og skógurinn" sem er hluti af keppnisgögnum. Núverandi bakkar Langasands og Leynisfjöru eru samfelldir grjótvarnargarðar sem liggja þrjá til fjóra metra yfir sjávarmáli. Milli grjótgarða og stígs er gróðurlítið svæði, en reynt hefur verið að koma upp gróðri eins og Blálilju, Fjöruarfa, Fjörukáli og Melgresi, en Melgresi og Baldursbrá voru áður einkennisplöntur svæðisins. Á Sólmundarhöfða er að finna mjög fjölbreytta flóru og minjar, hlaðna veggi og yfirgrónar tóftir. Lítil ferskvatnslind er einnig á höfðanum fyrir neðan dvalarheimilið. Stefna berglaga liggur að mestu frá norðaustri til suðvesturs. Þrjár jarðvegsgerðir eru á Akranesi; brúnjörð, svartjörð og votjörð. Sjávarfallaspár gera ráð fyrr háfjöru mínus tvo metra og sjávarhæð í háflóði nær fjóra metrum. Á háflóði nær yfirborð sjávar nánast upp að gróðurlínu Sólmundarhöfða og þegar illa viðrar á sama tíma getur sjór gengið upp á athugunarsvæðið. Mesta fugla og dýralíf er á Sólmundarhöfða og Leynisfjöru. Nánari upplýsingar um Sólmundarhöfða má kynna sér í ritgerð Jónasar Ingólfs Lövdal sem er hluti af keppnisgögnum.

13 Tilhögun samkeppni

13.1 Almennar upplýsingar

Valin hafa verið þrjú teymi til þátttöku í samkeppnina en þau voru formlega dregin í forvali þann 2. mars 2021. Hvert teymi fær þátttökugreiðslu að fjárhæð kr. 1.500.000 án vsk. Teymin sem dregin voru eru eftirfarandi:

- Apríl arkitektar
- Kanon arkitektar
- Landmótun sf. og Sei Stúdíó

Gert er ráð fyrir að ein tillaga verði valin til verðlauna og fái aukalega greitt kr. 1.000.000 án vsk. Akraneskaupstaður stefnir að því að ráða vinningsteymi til að vinna deiliskipulag fyrir svæðið. Akraneskaupstaður áskilur sér þann rétt til að nýta allar tillögur, hvort sem að hluta til eða í heild.2121

13.2 Lykil dagsetningar

- Forval auglýst 22. janúar 2021.
- Forvals umsóknarfrestur 15. febrúar 2021.
- Niðurstöður forvals 2. mars 2021.
- Vettvangsferðir teyma vikuna 15.- 19. mars 2021.
- Samkeppni hefst 22. mars 2021.
- Fyrri fyrirspurnarfrestur til og með 19. apríl 2021.
- Svör við fyrirspurnum til og með 26. apríl.
- Seinni fyrirspurnarfrestur til og með 9. júní 2021.
- Svör við fyrirspurnum til og með 16. júní 2021
- Skil á gögnum til og með 30. júní 2021.
- Íbúakynning í júlí.
- Dómnefnd lýkur störfum í ágúst.

Hugmyndasamkeppni um Langasandssvæðið
Tímaáætlun

	Jan dags.	Feb dags.	Mars dags.	Apríl dags.	Maí dags.	Júní dags.	Júlí dags.	Ágúst dags.
Forval auglýst	22.							
Forvals umsóknarfrestur		15.						
Niðurstöður forvals			2.					
Vettvangsferðir teyma			15.-19.					
Samkeppni hefst			22.					
Fyrri fyrirspurnarfrestur				19.				
Svör við fyrirspurnum				26.				
Seinni fyrirspurnarfrestur						9.		
Svör við fyrirspurnum						16.		
Skil á gögnum						30.		
Íbúakynning							-	
Dómnefnd lýkur störfum								20.

13.3 Keppnisgögn

Teymi fá afhent eftirfarandi gögn. Afhending fer fram með rafrænum hættum og skulu teymi staðfesta móttöku þeirra með tölvupósti.

Gögn send til teyma:

1. Samkeppnislýsing.
2. Aðalskipulag Akraness 2005-2017.
3. Drög að endurskoðuðu Aðalskipulagi Akraness 2020-2032.
4. Niðurstaða íbúakönnunar um Langasandssvæðið, skrifuð svör.
5. Niðurstaða íbúakönnunar um Langasandssvæðið, skannað.
6. Niðurstaða úr spurningum til barna í leik- og grunnskólum.
7. BS ritgerð Jónasar Ingólfs Lövdal „Samtal menningar og náttúru - Landslagsgreining“.
8. Framtíðarsýn Knattspyrnufélags ÍA, minnisblað stjórnar.
9. Deiliskipulag Jaðarsbakkasvæðis 2020, breyting.
10. Drög af afstöðumynd Jaðarsbakkasvæðis 2020.
11. Drög af ítarlegri afstöðumynd Jaðarsbakkasvæðis 2020.
12. Gildandi deiliskipulag Jaðarsbakkasvæðis.
13. Gildandi deiliskipulag Sólmundarhöfða.
14. Myndir af svæðinu á mismunandi árstíðum.
15. Skýrsla Basalt Arkitekta um Guðlaugu frá mars 2015.
16. Verkfærakista lífsgæða - Lífsgæði og atvinnustarfsemi sem aðdráttarafl í umbreytingu þéttbýlissvæða frá nóvember 2019
17. Nýsköpunarverkefni Sindra Birgissonar frá 2012 „Ströndin og skógurinn, útivistarnotkun og sóknarfæri“.
18. Gildandi deiliskipulag Sementsreits.
19. Gildandi deiliskipulag Sementsreits, yfirlitsmyndir.

Rafrænt aðgengi að gögnum:

1. DWG grunnur með 1m hæðarlínum frá Loftmyndum ásamt mældum kvótum á svæðinu. Rammi til að staðsetja loftmyndir, verður í DWG grunni (SÆKJA HÉR)
2. Myndband af svæðinu (SJÁ HÉR).
3. Niðurstöður íbúakönnunar um Langsandssvæðið rafræn kökubirting (SJÁ HÉR).
4. Drög að Umhverfisstefnu Akraness (SJÁ HÉR).

Teymum er ráðlagt að kynna sér einnig eftirtalin gögn:

- Lög og reglugerðir sem falla undir viðfangsefnið.
- Stefnur Akraneskaupstaðar (SJÁ HÉR).
- Markmiðum um heilsueflandi samfélag (SJÁ HÉR).
- Skilyrðum fyrir bláfánavottun.
- Samkeppnisreglur FÍLA.

13.4 Dómnefnd og ritari dómnefndar

Skipan dómnefndar gefur góð tækifæri til að endurspegla ólík sjónarmið og hagsmuni á faglegan hátt. Meirihluti dómnefndarfulltrúa er skipaður fulltrúum Akraneskaupstaðar, ásamt fagaðilum frá Félagi Landslagsarkitekta og Arkitektafélagi Íslandi en það eru:

- Ragnar B. Sæmundsson formaður skipulags- og umhverfisráðs Akraness

- Ólafur Adolfsson aðalmaður í skipulags- og umhverfisráði Akraness
- Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi Akraneskaupstaðar
- Hermann Georg Gunnlaugsson landslagsarkitekt FÍLA og skipulagsfræðingur SFFÍ
- Hildur Gunnlaugsdóttur arkitekt, AÍ.

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir skrifstofustjóri er verkefnastjóri samkeppninnar og ritari dómnefndar (saediss@akranes.is).

13.5 Trúnaðarmaður

Trúnaðarmaður dómnefndar er Ólafur Melsted landslagsarkitekt FÍLA. Netfang trunadarmadurfila@gmail.com og sími 899-8907.

Öllum fyrirspurnum og athugasemdum skal beint til trúnaðarmanns.

13.6 Keppnistillögur

Þátttakendur skulu skila eftirtöldum gögnum bæði útprentuðum og í PDF formatti á USB lykli.

Teikningar:

- Skipulagsuppdráttur í mkv. 1:5000 með norður upp.
- Afstöðumynd sem sýnir nærsvæðið í 1:500.
- Grunnmyndir og skurðmyndir í mkv. 1:200.
- Aðrar skýringarmyndir, fjarvíddar- og rúmteikningar að eigin vali höfunda.
- Skila skal tillöguörkum fyrir sýningu að hámarki fjórar talsins í stærðinni A1 (59.4x84.1cm). Teikningu skal skila upplímdr á pappa/frauðkarton á ógegnsæjan pappír. Tillöguarkirnar mega vera bæði standandi (portrait) og liggjandi (landscape). Allur texti skal vera ritaður á vélrænan hátt.
- Öllu efni skal skilað á USB kubb með.

Greinagerð:

- Greinagerð skal vera að hámarki 1000 orð og skal henni skilað í fjórum eintökum í arkarstærð A4. Þar skal lýst megininnaki tillögunnar, helstu forsendum, markmiðum og áherslum. Þá skal lýsa efnisvali, frágangi og tæknilegum útfærslum mannvirkja og nánasta umhverfis þeirra.
- Greinagerð skal einnig vera á uppdráttum. Birta skal smækkað afrit uppdrátta í A4 í greinagerð.

13.7 Fyrirspurnir

Gefnir eru tveir fyrirspurnarfrestir. Fyrri fresturinn rennur út á miðnætti 19. apríl 2021 og seinni fyrirspurnarfrestur rennur út á miðnætti 9. júní 2021.

Fyrirspurnir skal senda með tölvupósti til trúnaðarmanns og mun hann leggja afrit af þeim fyrir dómnefnd og hefur dómnefnd vikufrest til þess að svara. Sendir

trúnaðarmaður þá lista með fyrirspurnum og svörum dómnefndar við þeim til allra skráðra þátttakenda í tölvupósti. Sjá nánari dagsetningar í kafla 12.2.

13.8 Skilafrestur, merking og afhending gagna

Gögn skal merkja sem hér segir:

- Auðkenna skal öll tillögugögn með fimm stafa tölu í reit 2x5 cm í hægra horni að neðan. Ógegnsætt umslag, merkt sömu tölu og nafnmiði, skal fylgja tilögunni. Í umslaginu skal vera miði með nafni, netfangi og símanúmeri höfundar eða höfunda og samstarfsmanna.
- Tillögum skal skila ósamanbrotnum og í flötum umbúðum. Umbúðir tillögu skal merkja á sama hátt og tilloguna og á þær skal ritaður fjöldi tillögublaða. Teikningum í ramma eða gleri verður ekki veitt viðtaka. Ófrávíkjanleg skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd, er að henni sé skilað á réttum tíma og nafleyndar sé gætt skv. samkeppnisreglum FÍLA.
- USA-lykill skal vera án allra auðkenna.

Tillögum skal skila sem hér segir:
Gögnum má ekki skila með netpósti. Tillögum skal skila frá kl. 14:00 og eigi síðar en kl. 16:00 þann 30. júní 2021 til trúnaðarmanns að Frostaskjóli 73, 107 Reykjavík. Þeir sem óska eftir að skila tillögum fyrir þann tíma skulu hafa um það samráð við trúnaðarmann. Við afhendingu tillögu til trúnaðarmanns fær keppandi kvittun merkta auðkenni tillögunnar. Ófrávíkjanlegt skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd, er að henni sé skilað á réttum tíma skv. framangreindri keppnislýsingu og að nafnleyndar sé gætt.

Nægjanlegt er að tillögum sé komið í póst fyrir lok skilafrests, enda skal vottorð um það frá hlutaðeigandi afgreiðslumanni sent til trúnaðarmanns. Auk framanskráðs skal keppandi tilkynning trúnaðarmanni innan sólarhrings að tillaga hafi verið send. Í tilkynningu skal koma fram auðkennistala tillögunnar. Tillögum verður ekki veitt viðtaka úr pósti lengur en fimm virkum dögum eftir að skilafresti lýkur. Aðsendar tillögur skal senda á heimilisfang trúnaðarmanns og skal hafa samband við trúnaðarmann ef um slíkt er að ræða. Kvittun fyrir móttöku aðsendra tillagna verður send með tölvupósti.

13.9 Sýning, rýnifundur, úrslit og varðveisla keppnistillagna

Í júlímánuði verða tillögurnar til sýnis á aðgengilegum stað fyrir íbúa Akraness og á heimasíðu Akraneskaupstaðar. Íbúar munu þá fá tækifæri til þess að tjá sig með rafrænum hætti til dómnefndar um það sem þeir telja jákvætt í hverri tillögu. Dómnefnd mun hafa það til hliðsjónar við lokaákvörðun um vinningstillögu.

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum þann 20. ágúst 2021, þar sem efnt verður til viðburðar og niðurstaða dómnefndar tilkynnt með formlegum hætti. Fréttatilkynning um úrslitin verður birt opinberlega og send fjölmiðlum. Útbjóðandi gefur út dómnefndarálit. Hönnunarsafn Íslands mun fá allar keppnistillögur afhentar til varðveislu. Eigendur tillagna munu hafa aðgang að þeim að höfðu samráði við starfsfólk safnsins.

14 Samþykki keppnislýsingar

Keppnislýsing þessi ásamt samkeppnisreglum FÍLA er grundvöllum keppninnar. Keppnislýsingin er samþykkt af útbjóðanda, dómnefndarmönnum og stjórn FÍLA.

Dómnefnd samþykkir að dæma eftir keppnislýsingu þessari.

Akranes, 23. mars 2021

F.h. Akraneskaupstaðar

Ragnar B. Sæmundsson formaður skipulags- og umhverfisráðs og formaður dómnefndar

Ólafur Adolfsson aðalmaður í skipulags- og umhverfisráði

Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og fulltrúi í dómnefnd

F.h. FÍLA

Hermann Georg Gunnlaugsson landslagsarkitekt FÍLA og skipulagsfræðingur SFFÍ

Hildur Gunnlaugsdóttur umhverfisfræðingur Msc arkitekt, AÍ.

Fullgild rafræn undirskrift
HALLA MARTA ÁRNADÓTTIR
Kennitala: 270494-2509
2021-03-23 16:49:55 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HERMANN GEORG GUNNLAUGSSON
Kennitala: 031066-4179
2021-03-23 16:07:35 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÓLAFUR GUÐMUNDUR ADOLFSSON
Kennitala: 181067-4899
2021-03-23 16:17:20 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RAGNAR BALDVIN SÆMUNDSSON
Kennitala: 030882-5719
2021-03-23 16:30:32 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
HILDUR GUNNLAUGSDÓTTIR
Kennitala: 110579-2179
2021-03-23 16:41:58 GMT
Ástæða: Undirskrift